

6. Stjórnarfundur hjá UMSB haldinn á skrifstofunni í Borgarnesi 21. nóv 2017
Mættir: Sólrún Halla, Guðrún, Anna Dís, Sigríður og Kristín.

1. Sambandsstjóri setur fundinn og gengið er til dagskrár.
2. Fundargerð síðasta fundar undirrituð athugasemdalaust.
3. Formannafundur ÍSÍ fréttir. Sólrún segir frá því helsta sem þar bar á góma. Forvarnir eru mismunandi eftir íþróttagreinum og það þarf að laga. Konum þarf að fjölga í stjórnunarstöðum. Veðmál eru orðin vandamál í hópíþróttum sérlega yngri flokka. Talsverð hækkun hefur orðið á framlögum til afreksmannasjóðs. Lítil sambönd þyrftu aukin framlög svo þau ráði við að hafa framkvæmdastjóra í hlutastarfi. ÍSÍ er að vinna gegn kynbundnu ofbeldi.
4. 50. sambandsþing UMFÍ á Hallormstað fréttir.

Rólegt þing.

Það vantar ungt fólk í félagsstarfið. Ungmennaráð Borgarbyggðar er okkar tengiliður.

Þau þyrfti að virkja betur með því að fá þau inn á fundi hjá okkur.

Halda þarf sambandsráðsfund hjá UMFÍ 13. jan til að fá niðurstöðu vegna inngöngu íþróttabandalaganna í UMFÍ.

5. Sambandsráðsfundur UMFÍ.

Fulltrúar UMSB töldu sig ekki hafa fengið næga kynningu á sameiningartillögum/inngöngutillögum íþróttabandalaganna í UMFÍ fyrir Sambandsþingið og því væri spurning um hvort við gætum fengið Auði framkvæmdastjóra UMFÍ til að koma og kynna þær fyrir okkur og formönnum aðildarfélaganna eða fulltrúum þeirra. 5. des var talinn heppilegur.

6. Íþróttamaður ársins.

Staður - Þinghamar.

Dagur - 20. janúar.

Tími - kl 13.30 eða 14.00

7. Starfsmannamál.

Pálmi hefur sagt upp starfi sínu sem framkvæmdastjóri og við þurfum að auglýsa eftir nýjum framkvæmdastjóra.

Hann vill gjarnan losna sem fyrst og við höfum skilning á því en viljum að hann verði til áramóta og ljúki kjöri íþróttamanns ársins og verði nýjum starfsmanni til halds og trausts í byrjun.

Auglýsing var nokkuð tilbúin og ákveðið að hafa umsóknarfrestinn til 7. des.

8. Önnur mál.

* Uppstillinganefnd þarf að hefja störf.

Pálma falið að kalla nefndina saman og að hún kjósi sér formann.

* Sigríður spyr út í fyrirlestur frá Ingibjörgu Ingu sem var á formannafundi.

* Sólrún sagði frá byggðaráðsfundi sem þau Pálmi voru kölluð á vegna óskalista um uppbyggingu íþróttamannvirkja. Sigríður taldi óskalistann svolítið skrýttinn og það þyrfti mun betra samtal um hver forgangsröðunin ætti að vera og hvaða fjármunir væru í boði.

* Sigríður benti á að fræðslunefnd sem fjallar mest um samstarfssamninginn okkar fengi alltof litlar upplýsingar um tólmundastarf og hvað væri í boði.

* Kristín spyr hver verði fulltrúi UMSB í sameiningarnefnd Faxe og Skugga. Það vissi enginn. Fleira ekki rætt og fundi slitið.

Ath. Í tillögum frá sameiningarnefndum Faxe og Skugga segir í 3. grein:

Sameining félaganna verði með þeim hætti að samþykki aðalfundur félaganna sameininguna þá verði kosin framkvæmdanefnd skipuð tveim aðilum frá hvoru félagi auk oddamanns skipuðum af UMSB sem sjái um framkvæmd sameiningarinnar, uppstillingu í stjórn og nefndir, ný lög fyrir félagið, tillögur um árgjöld, og annað þess háttar sem lagt verði fyrir fyrsta sameiginlega fund nýs félags. Oddamaður UMSB tryggji það að hlutlaust verði valin sú kennitala sem hagkvæmara þykir fyrir hið nýja sameinaða félag ásamt því að leysa úr þeim ágreiningi sem upp gæti komið við framkvæmdina.